

# Greiðsluáskorun

MBl  
16/9 '04

## Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla og tryggingagjald sem fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2004, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2004 og önnur gjaldfallin á lögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2004 á staðgreiðslu, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda utan staðgreiðslu, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, slysatryggingagjaldi öku-manna, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. öku-mælum, viðbótar- og aukaálagningu sölu-skatts vegna fyrri tímabila, skemmtanaskatti og miðagjaldi, virðisaukaskatti af skemmtunum, tryggingagjaldi af skipshöfnum ásamt skráningargjöldum, búnaðargjaldi, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlits-gjöldum, aðflutningsgjöldum og útflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og verðbótum á ógreitt útsvar, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjaldi, fisksjúk-domagjaldi, jarðarafgjaldi og álöðum opinberum gjöldum, sem eru:

Tekjuskattur, útsvar, aðstöðugjald, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, þróunarsjóðsgjald, kirkjugarösgjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmda-sjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, of-greiddur barnabótaauki og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjald-anda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 11.500 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.200 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreg-inn fjármagnstekjuskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frek-ari fyrirvara. Loks mega þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt eiga von á að skrán-ingarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara. Fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2004.

Tollstjórnin í Reykjavík	Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Hvalsvellum
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Gjaldheimta Vestfjarða
Sýslumaðurinn á Hólmavík	Gjaldheimta Austurlands
Sýslumaðurinn á Siglufirði	Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	